



Spurt og svarað

Vátryggingamarkaður

Reykjavík, 2. útgáfa nóvember 2020.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Solvency II: Lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sbr. tilskipun 2009/138/EB.....	4
Hlutfallsreglan.....	4
Gjaldþolskrafa	4
Markaðsáhætta	6
Váttryggingaskuld	9
Stjórnarhættir: Eigin áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own risk and solvency assessment, ORSA).....	11
Aðlögun vegna tapgleypni frestaðra skatta (e. loss absorbing capacity of deferred taxes, LACDT)	12
Gagnaskil.....	13
Framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450: Gagnaskilataknistaðlar	15
S.02.01 — Balance sheet.....	15
S.03.01 – Off-balance sheet – items – General	15
S.05.01.01 – Premiums, claims and expenses by line of business	16

Inngangur

Eitt af hlutverkum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitsins) er að veita almennar leiðbeiningar og lýsa almennri afstöðu stofnunarinnar til túlkunar og fyllingar lagareglna sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og um fjármálamarkaðinn.

Fjármálaeftirlitið gefur út spurningar og svör til að auka gagnsæi um framkvæmd eftirlits og jafnframt veita eftirlitsskyldum aðilum og öðrum sem efnið varðar meira öryggi við beitingu laga og reglna.

Efnistöð þessa skjals eru þær réttarreglur sem snerta váttryggingamarkaðinn. Ber í því sambandi helst að nefna lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (hér eftir „vtsl.“) og lög nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, en með gildistöku þeirra voru tekin upp ákvæði tilskipunar 2009/138/EB (hér eftir „Solvency II“). Með lögum nr. 36/2018 um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi voru tekin upp ákvæði breytingatilskipunar 2014/51/ESB sem varðar meðal annars heimildir Evrópsku váttrygginga- og lífeyriseftirlitsstofnunarinnar (hér eftir „EIOPA“). Þá er í reglugerð nr. 940/2018 kveðið á um gildistöku eftirtalinna reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður: ESB nr. 35/2015 (hér eftir „Solvency II reglugerðin“), ESB nr. 467/2016, ESB nr. 498/2015, ESB nr. 499/2015, ESB nr. 2012/2015 og ESB nr. 2014/2015.

Í svörum við þeim spurningum sem er að finna í þessu skjali er byggt á ákvæðum framangreindra laga og reglugerða sem og viðmiðunarreglum EIOPA.

Skjalið verður endurskoðað reglulega og nýjum spurningum og svörum bætt við eftir þörfum.

Solvency II: Lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sbr. tilskipun 2009/138/EB.

Hlutfallsreglan

Spurning 1:

Getur ein og sama deildin eða starfseiningin innan váttryggingafélags sinnt bæði áhættustýringu og tryggingafræðilegu hlutverki?

Svar 1:

Starfssvið áhættustýringar og tryggingastærðfræðings eru hluti af lykilstarfssviðum váttryggingafélaga, sbr. 34. tl. 1. mgr. 6. gr. vtsl. Í 2. mgr. 39. gr. vtsl. er kveðið á um að stjórnkerfi váttryggingafélaga skuli að lágmarki fela í sér gagnsætt og viðeigandi stjórnskipulag með skýrri dreifingu og aðgreiningu ábyrgðar. Þá ber váttryggingafélögum að tryggja að starfssviðin geti starfað á hlutlausan, sanngjarnan og sjálfstæðan hátt, sbr. 1. mgr. 268. gr. Solvency II reglugerðarinnar, og að úthlutun verkefna til einstaklinga og starfssviða hindri ekki eða sé líkleg til að hindra viðkomandi aðila í að sinna tilteknu starfi á traustan, heiðarlegan og hlutlægan hátt, sbr. g-lið 1. mgr. 258. gr. Solvency II reglugerðarinnar.

Til að tryggja framangreind skilyrði og koma í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra vegna verkaskiptinga er skilvirkast að aðskilja starfssviðin. Á grundvelli hlutfallsreglunnar er þó mögulegt að réttlæta að sama deildin eða starfseiningin sinni hlutverkum beggja þessara lykilstarfssviða, en skoða þarf sérstaklega hvert tilfelli fyrir sig. Fjallað er um lykilstarfssvið í IX. kafla I. bóls (258 – 267. gr.) Solvency II reglugerðarinnar.

Gjaldþolskrafta

Spurning 1:

Hvernig á að nota óefnislegar eignir (s.s. viðskiptavild) við gjaldþolsútreikninga?

Svar 1:

Viðskiptavild skal verðlögð á núll við gjaldþolsútreikninga, sbr. 1. tl. 12. gr. Solvency II reglugerðarinnar. Aðrar óefnislegar eignir geta aðeins komið til greina ef hægt er að selja hina óefnislegu eign sérstaklega og fyrirliggjandi er markaðsverð á virkum markaði fyrir eignina eða sambærilega óefnislega eign, sbr. 2. tl. sömu greinar og 10. gr. Solvency II reglugerðarinnar. Við gjaldþolsútreikning er viðkomandi eign verðlögð miðað við 80% af framangreindu markaðsverði hennar skv. 203. gr. Solvency II reglugerðarinnar.

Spurning 2:

Sjófarsáhætta er skilgreind í 1. mgr. 130. gr. Solvency II reglugerðarinnar sem áhættan af árekstri flutningaskipa“ (e. the risk of a tanker collision) og „áhættan af sprengingu á palli“ (e. the risk of a platform explosion). Er sjófarsáhætta þeirra félaga sem ekki hafa slíkar eignir í váttryggingu því engin í sjótryggingum samkvæmt vtsl. og Solvency II reglugerðinni, eða á að notast við annars konar nálgun/mat?

Svar 2:

Fyrirhugað er að breyta umræddu ákvæði þannig að reiknað verði með tapi stærstu áhættu félagsins í sjótryggingum óháð tegund áhættunnar. Þangað til ákvæðinu hefur verið breytt mælist Fjármálaeftirlitið til að sú aðferð sé notuð til að tryggja að sjófarsáhætta mælist í útreikningi gjaldþolskröfu.

Spurning 3:

Gjaldþolskrafa er reiknuð út í árslok miðað við eignastöðu váttryggingafélags á þeim tíma. Ef stjórn hefur ákveðið að greiða út arð og fjármagna þá arðgreiðslu með sölu eigna, er sú upphæð dregin frá gjaldþoli félagsins og því hefur fyrirhuguð arðgreiðsla tvöfalt vægi – fyrst við útreikning gjaldþolskröfu, þ.e. áhættu á þær eignir sem seldar verða, og svo með frádrætti hinnar fyrirhugðu arðgreiðslu frá liðum sem teljast til gjaldþols.

Ef stjórn váttryggingafélags ákveður hvaða eignir skulu seldar til að fjármagna arðgreiðsluna á sama tíma og arðgreiðslan sjálf er ákveðin, væri þá ekki heimilt að sleppa því að taka tillit til þeirra eigna við útreikning á gjaldþolskröfu?

Svar 3:

Gjaldþolskrafa er reiknuð miðað við stöðu váttryggingafélags um áramót og er áhættan á verulegu eignahrundi reiknuð inn í markaðsáhættu. Það er möguleiki á því að eignahrund verði í upphafi árs, áður en félagið getur greitt út arð. Eignirnar sem ætlaðar voru til arðgreiðslunnar væru þar með ekki lengur til staðar. Það er því varfærið að taka tillit til allra eigna við útreikning á markaðsáhættu, burtséð frá því hvort standi til að selja þær vegna arðgreiðslu eða ekki.

Spurning 4:

Munur getur verið á útreiknaðri váttryggingarskuld milli efnahagsreikninga sem annars vegar eru gerðir á grundvelli IFRS og hins vegar Solvency II og getur sá munur komið fram sem ígildi gjaldþols þegar skattaskuld er hærri í Solvency II efnahagsreikningnum. Á þessi skuld að reiknast sem 20% eða 26% (með fjársýsluskatti) af því fjármagni sem nýtist sem gjaldþol?

Eins er með aðlögun vegna frestaðra skatta (e. adjustment for deferred tax) við hvaða skattahlutfall skal miða þegar áfallið er reiknað 20% eða 26%?

Svar 4:

Váttryggingafélag skal nota það skatthlutfall sem það gerir samkvæmt áætlunum sínum ráð fyrir að þurfa að greiða í nánustu framtíð til að reikna af gjaldþolslið sem myndast vegna mismunar á stöðu váttryggingaskuldar skv. IFRS og Solvency II efnahagsreikningnum. Samkvæmt 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er sérstakur fjársýsluskattur reiknaður á hagnað umfram kr. 1.000.000.000.

Fjármálaeftirlitið telur að skv. gildandi lögum eigi að notast við 20% skatthlutfall við aðlögun vegna frestaðra skatta (e. adjustment for deferred tax). Helgast það m.a. af því að samkvæmt 71. gr. laga um tekjuskatt er við útreikning fjársýsluskatts ekki tekið tillit til yfirfæranlegs taps.

Spurning 5:

Hvernig á að fara með árstíðarbundna liði í efnahagsreikningi? Dæmi um slíka liði eru iðgjaldaskuld og váttryggingakröfur, þar sem iðgjaldaskuld og um leið váttryggingakröfur eru lögstar við lok ársins og fara þannig inn í gjaldpólsútreikning váttryggingafélaga. Fljótlega á nýju rekstrarári verða þessir liðir mun hærri. Er rétt að taka hærri fjárhæð þessara liða inn í útreikning á gjaldpólskröfu við næsta útreikning eða er leyfilegt að meta þær á einhvern annan hátt?

Svar 5:

Váttryggingafélag skal reikna gjaldpólskröfu eigi sjaldnar en einu sinni á ár og ef áhættusnið váttryggingafélags hefur breyst verulega frá forsendum sem byggt var á, sbr. 1. mgr. 98. gr. vtsl. Gjaldpólskrafan á að vera framsýnn áhættumælikvarði og taka til þegar gerðra samninga sem og væntanlegrar útgáfu nýrra váttryggingarsamninga næstu 12 mánuði, sbr. 1 mgr. 97. gr. vtsl.

Váttryggingafélag skal ákvarða lágmarksfjármagn (e. Minimum Capital Requirement, MCR) a.m.k. ársfjórðungslega, sbr. 2 mgr. 112. gr. vtsl. Við ársfjórðungslegan útreikning á lágmarksfjármagni er heimilt að nota síðustu reiknuðu gjaldpólskröfu, sbr. 2. ml. 2. mgr. 112. gr. vtsl., nema verulegar breytingar hafi orðið á áhættusniði félagsins sem gera það að verkum að endurreikna skal gjaldpólskröfu, sbr. lokamálslið 1. mgr. 98. gr. vtsl.

Markaðsáhætta

Spurning 1:

Er heimilt að taka tillit til eigendaábyrgðar ríkisins á áhættuskuldbindingum sem gefnar eru út af ríkisstofnunum við útreikning á vik- og samþjöppunaráhættu?

Svar 1:

Gjaldpólskrafa váttryggingafélags samanstendur hið minnsta af þeim áhættuþáttum sem tilgreindir eru í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi („vtsl.“) og tekur mið af þeim áhættuvörnum sem eru til staðar, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Í V. kafla I. bálks Solvency II reglugerðarinnar er að finna ítarleg ákvæði um útreikning á gjaldpólskröfu skv. staðalreglunni. Gjaldpólskrafa vegna vikáhættu reiknast á skuldabréf, útlán, stöður vegna verðbréfunar (e. securitization positions) og skuldaafleiður, sbr. 5. undirþátt 5. þáttar V. kafla I. bálks Solvency II reglugerðarinnar. Gjaldpólskrafa vegna samþjöppunaráhættu reiknast á áhættuskuldbindingar, sem ekki eru teknar fyrir í útreikningi á mótaðilaáhættu, sbr. 6. undirþátt 5. þáttar V. kafla I. bálks Solvency II reglugerðarinnar.

Í 2. mgr. 180. gr. Solvency II reglugerðarinnar kemur meðal annars fram að við útreikning á vikáhættu skuli úthluta 0% áhættustuðli vegna áhættuskuldbindinga í formi skuldabréfa og lána sem eru að fullu, óskilyrt og óafturkræft, tryggð (e. guaranteed) af aðildarríkjum, ef viðkomandi ábyrgð uppfyllir skilyrði 215. gr. reglugerðarinnar. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 187. gr. reglugerðarinnar vegna útreiknings á samþjöppunaráhættu áhættuskuldbindinga sem njóta ríkisábyrgðar. Af framangreindu leiðir að nauðsynlegt er að kanna hverju sinni hvort sú ábyrgð, sem aðildarríki hefur undirgengist vegna tiltekinnar áhættuskuldbindingar, uppfylli skilyrði 215. gr. Solvency II reglugerðarinnar ef taka á tillit til ábyrgðarinnar við útreikning á gjaldpólskröfu vegna vik- og samþjöppunaráhættu.

Í 215. gr. Solvency II reglugerðarinnar eru tiltekin í sex stafliðum skilyrði sem öll verða að vera uppfyllt svo taka megillit til þeirrar ábyrgðar sem er til skoðunar, en auk þeirra þurfa skilyrði 209. og 210. gr. sömu reglugerðar að vera uppfyllt. Vakin er sérstök athygli á skilyrði d-liðs 215. gr., þar sem kveðið er

á um að við vanskil, ógjaldfærni eða gjaldþrot þess aðila sem váttryggingafélag á kröfu á, skuli váttryggingafélag eiga rétt á að krefja ábyrgðarveitanda um greiðslu gjaldfallinna krafna án þess að þurfa að hafa áður reynt innheimtu hjá skuldara, en ákvæðið er svohljóðandi:

on the default, insolvency or bankruptcy or other credit event of the counterparty, the insurance or reinsurance undertaking has the right to pursue, in a timely manner, the guarantor for any monies due under the claim in respect of which the protection is provided and the payment by the guarantor shall not be subject to the insurance or reinsurance undertaking first having to pursue the obligor

Ein tegund ríkisábyrgða byggir á meginreglunni um eigendaábyrgð ríkisins. Sú meginregla felur það í sér að ríkissjóður er í ábyrgð fyrir skuldbindingum ríkisstofnana eða -fyrirtækja á grundvelli eignaradildar sinnar, nema sú ábyrgð sé takmörkuð með beinu lagaákvæði eða þar sem ábyrgð ríkissjóðs takmarkast við tiltekið hlutafjárframlag. Almenna reglan er sú, að ef um er að ræða ríkisaðila með sjálfstæðan fjárhag, þá sé ábyrgð ríkisins á skuldbindingum viðkomandi óbein, þannig að fyrst þarf að reyna innheimtu hjá viðkomandi ríkisfyrirtæki eða -stofnun áður en krefja má ríkissjóð um greiðslu kröfunnar. Að mati Fjármálaeftirlitsins uppfyllir slík ábyrgð ríkissjóðs ekki framangreint skilyrði d-liðs 215. gr. Solvency II reglugerðarinnar og því er ekki heimilt að taka tillit til slíkrar ríkisábyrgðar við útreikning á vik- og samþjöppunaráhættu. Ef taka ætti tillit til slíkrar ríkisábyrgðar þyrfti að liggja fyrir sérstök staðfesting á því að framangreint skilyrði d-liðs 215. gr. Solvency II reglugerðarinnar væri uppfyllt.

Spurning 2:

Í 84. gr. Solvency II reglugerðarinnar kemur fram að horfa eigi „í gegnum“ sjóði um sameiginlega fjárfestingu og aðrar fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir til að ná fram undirliggjandi áhættu á bak við fjárfestingu í viðkomandi sjóðum, hvernig er þetta útfært?

Svar 2:

Til að tryggja að útreikningur á gjaldþolskröfu vegna undirliggjandi markaðsáhættu sjóða um sameiginlega fjárfestingu sé fullnægjandi er nauðsynlegt að skoða undirliggjandi eignir þeirra. Þar sem unnt er að koma því við skal horft í gegnum slíka sjóði svo að hægt sé að meta þá áhættu sem fylgir undirliggjandi eignum. Slíkar undirliggjandi eignir yrðu þá flokkaðar eftir viðeigandi áhættuþætti (e. sub-modules) líkt og þær væru í beinni eigu váttryggingafélags.

Þörf getur verið á að horfa endurtekið í gegnum fjárfestingu, s.s. þar sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur fjárfest í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Í slíkum tilfellum skal horft í gegnum viðkomandi fjárfestingu þannig að upplýsingar um alla viðeigandi áhættuþætti undirliggjandi eigna komi fram.

Í þeim tilfellum sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu er ekki nægilega gagnsær til að hægt sé að flokka eignir sjóðsins á viðeigandi áhættuþætti er heimilt að styðjast við fjárfestingarstefnu sjóðsins (e. data grouping) ef stefnan er nægjanlega ítarleg og fastmótuð til að hægt sé að reikna út viðeigandi áhættuþætti. Þá má virði þeirra eigna sem flokkaðar eru með þessum hætti ekki vera herra en sem nemur 20% af heildareignum váttryggingafélags skv. Solvency II efnahagsreikningi, sbr. 3 mgr. 84. gr. Solvency II reglugerðarinnar. Í þessu sambandi telur Fjármálaeftirlitið rétt að minna á varfærnisreglu 113. gr. vtsl., sem felur einkum í sér að váttryggingafélög skulu aðeins fjárfesta í eignum og fjármála-gerningum þar sem hægt er að greina, mæla, fylgjast með, stjórna, meðhöndla og bregðast við áhættu með viðeigandi hætti.

Þriðji kosturinn er að líta á fjárfestingu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem flokk 2 í hlutabréfaáhættu (e. type 2 equity) og reikna gjaldþolskröfu samkvæmt því. Þessi kostur skal þó aðeins skoðaður

fyrir óbeina markaðsáhættu sem getur ekki talist viðamikil með hliðsjón af heildareignum váttrygginga-félags. Sjá nánar umfjöllun í viðmiðunarreglum EIOPA *Guidelines on look-through approach*.

Spurning 3:

Burfa váttryggingafélög að taka saman eignir sjóða í hlutabréfum við útreikning á áhættu þeim tengdum?

Svar 3:

Horfa þarf í gegnum sjóði eins nákvæmlega og mögulegt er og reikna gjaldþolskröfu út á grundvelli undirliggjandi eigna viðkomandi sjóða. Sjá svar við spurningu 2.

Spurning 4:

Varðandi vaxtaáhættu og vikáhættu, þarf að brjóta sjóði niður í undirliggjandi eignir og greiðsluflæði þeirra eða nægir að setja inn vaxtanæman hluta sjóðanna og meðallíftíma (e. duration) þeirra?

Svar 4:

Ekki er nóg að horfa á vaxtanæman hluta sjóðanna og meðallíftíma við útreikning á vaxta- og vikáhættu. Gera þarf útreikninginn eins nákvæmlega og mögulegt er út frá undirliggjandi eignum sjóðanna, sjá svar við spurningu 2.

Spurning 5:

Falla aðrir sjóðir en verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir undir hlutabréf af gerð 2 og þar með undir hlutabréfaáhættu?

Svar 5:

Gerð 2 af hlutabréfum samanstendur af hlutabréfum sem eru skráð í löndum utan EES eða OECD, óskráðum hlutafélögum, vogunarsjóðum, hrávörum og öðrum sérhæfðum fjárfestingum, sbr. 3. mgr. 168. gr. Solvency II reglugerðarinnar. Í þennan flokk falla einnig allar aðrar fjárfestingar sem ekki falla undir undireiningu vaxtaáhættu (e. interest rate risk sub-module), undireiningu fasteignaáhættu (e. property risk sub-module) eða undireiningu vikáhættu (e. spread risk sub-module). Þar á meðal eru eignir sem falla undir hlutabréfaáhættu þar sem ekki er unnt að horfa í gegnum sjóði um sameiginlega fjárfestingu og falla ekki undir ákvæði 3. mgr. 84. gr. Solvency II reglugerðarinnar, sjá nánar svar við spurningu 2.

Með hliðsjón af framangreindu munu aðeins þeir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir sem ekki er hægt að horfa í gegnum eða meta eignir þeirra út frá fjárfestingarstefnu falla undir flokk 2 í hlutabréfaáhættu.

Spurning 6:

Er váttryggingafélagi í sjálfsvald sett að færa eignir í hvaða sjóði sem er undir hlutabréfaáhættu?

Svar 6:

Nei, fara verður eftir þeim leiðbeiningum sem koma fram í svari við spurningu nr. 2.

Spurning 7:

Hvernig á að reikna samþjöppunaráhættu og markaðsáhættu fyrir fasteignasjóði? Dæmi: Vátryggingafélag á skuldabréf að verðmæti 500 milljónir og hlutabréf að verðmæti 500 milljónir útgefin af einu og sama fasteignafélaginu. Hvernig á að meta samþjöppunar- og markaðsáhættu vegna framangreindra eigna?

Svar 7:

Þegar horft er til samþjöppunaráhættu er eðlilegast að horfa til þess undir hvaða tegund markaðsáhættu eignin fellur að öðru leyti. Í viðmiðunarreglu 3 í viðmiðunarreglum EIOPA *Guidelines on look-through approach* kemur fram að hlutafjáreign í fasteignafélagi skuli falla undir hlutabréfaáhættu en að fjárfesting í byggingum, löndum o.sfrv. undir fasteignaaáhættu. Í tilvikum hlutafjáreignar í fasteignafélagi ber því að reikna markaðsáhættu út frá hlutabréfaáhættu, frekar en að horfa í gegnum eignir fasteignafélagsins.

Varðandi útreikning á samþjöppunaráhættu ber að leggja eignirnar saman þar sem um er að ræða áhættuskuldbindingu gagnvart sama aðila. Samkvæmt 5. þætti III. kafla V. bálks (182. – 187. gr.) Solvency II reglugerðarinnar miðast samþjöppunarstuðullinn *g*, sem notaður er við útreikning á samþjöppunaráhættu, við gæði mótaðilans og heildar áhættuskuldbindingu óháð tegund fjárfestingar.

Spurning 8:

Viðskiptakröfur vátryggingafélaga myndast oft vegna þess að viðskiptavinur er í greiðsludreifingu með iðgjöldin sín. Er rétt að líta á sem svo, að iðgjöld í greiðsludreifingu séu í vanskilum í skilningi Solvency II reglugerðarinnar?

Svar 8:

Ekki er fjallað sérstaklega um greiðsludreifingu í Solvency II reglugerðinni, tæknistöðlum eða viðmiðunarreglum EIOPA. Í Solvency II reglugerðinni er tilgreint að um vanskil sé að ræða þegar liðnir eru þrjú mánuðir frá því að krafa gjaldféll. Fjármálaeftirlitið telur að iðgjöld sem eru í greiðsludreifingu séu ekki í vanskilum, enda er til staðar samningur um greiðsludreifinguna og því þurfi ekki hærri kröfu vegna mótaðilaáhættu.

Vátryggingaskuld

Spurning 1:

Hvaða liði vátryggingaskuldar skal núvirða?

Svar 1:

Vátryggingaskuld er samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi, þar sem besta mat skuldbindinga er meðaltal framtíðarfjárstreymis vegið með líkindum að teknu tilliti til áhrifa tímasetninga greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli sbr. 1. og 2. mgr. 76. gr. vtsl. Af þessu leiðir að núvirða skal alla liði vátryggingaskuldar.

Spurning 2:

Á að taka tillit til rekstrarkostnaðar við útreikning á váttryggingaskuld?

Svar 2:

Í sjóðstreymisspá, sem notuð er við útreikning á besta mati skuldbindinga, skal miða við sjóðstreymi sem inniheldur ýmsa kostnaðarliði, sem flokka má sem rekstrarkostnað, sbr. 31. gr. Solvency II reglugerðarinnar.

Spurning 3:

Er heimilt að miða við að gjaldþolskrafa markaðsáhættu viðmiðunarfélags sé engin við útreikning á áhættuálagi?

Svar 3:

Heimilt er að horfa framhjá markaðsáhættu ef reikna á gjaldþolskröfu, sem útreikningar á áhættuálagi byggjast á, án markaðsáhættu skv. ákvæðum vtsl. sbr. einnig ákvæði Solvency II reglugerðarinnar.

Rétt er þó að benda á a-, h- og i-liði 38. gr. Solvency II reglugerðarinnar og jafnframt viðmiðunarreglu 62 í viðmiðunarreglum EIOPA *Guideline on valuation of technical provisions*. Þar kemur meðal annars fram að ekki sé leyfilegt að horfa framhjá markaðsáhættu sé hún veruleg. Af því leiðir að ef váttryggingafélag telur sig geta horft framhjá markaðsáhættu í útreikningi á áhættuálagi þarf félagið að geta rökstutt það með greinargóðum hætti.

Stjórnarhættir: Eigin áhættu- og gjaldþolsmat (e. Own risk and solvency assessment, ORSA)

Spurning 1:

Ber váttryggingafélagi að fara í gegnum hverja einustu forsendu sem lögð er til grundvallar gjaldþolskröfu skv. 97. gr. vtsl. við framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþolsmats og færa rök fyrir því hvort félagið uppfylli gjaldþolskröfu eða ekki?

Svar 1:

Viðmiðunarregla 12 í viðmiðunarreglum EIOPA um eigið áhættu- og gjaldþolsmat, *Guidelines on own risk and solvency assessment (ORSA)* er svohljóðandi:

The undertaking should assess whether its risk profile deviates from the assumptions underlying the SCR calculation and whether these deviations are significant. The undertaking may as a first step perform a qualitative analysis and if that indicates that the deviation is not significant, a quantitative assessment is not required.

Af framangreindu leiðir að váttryggingafélag á að leggja huglægt mat á það hvort áhættusnið félagsins í einstökum áhættuþáttum víki verulega frá forsendum staðalreglunnar. Við mat á hvort frávík séu í áhættusniði félagsins má styðjast við greinargerð EIOPA um undirliggjandi forsendur staðalreglunnar ([EIOPA-14-322 The underlying assumptions in the standard formula for the Solvency Capital Requirement calculation](#)).

Aðlögun vegna tapgleypni frestaðra skatta (e. loss absorbing capacity of deferred taxes, LACDT)

Spurning 1:

Hvað er tapgleypni frestaðra skatta?

Svar 1:

Við útreikning á gjaldþolskröfu samkvæmt staðalreglu er heimilt að nota aðlögun vegna tapgleypni frestaðra skatta. Tapgleypni frestaðra skatta er reiknuð stærð sem kemur til frádráttar á gjaldþolskröfu váttryggingafélaga. Grundvöllur tapgleypni frestaðra skatta er sá að verði váttryggingafélag fyrir áfalli skv. 207 gr. Solvency II reglugerðarinnar (SCR áfall) myndast skatteign sem hægt er að nýta árin á eftir. Tapgleypni frestaðra skatta er sú fjárhæð sem fæst við að taka mismun á eignum á Solvency II efnahagsreikningi fyrir og eftir áfall að frádregnum skuldbindingum eftir áfall.

Ein af lykilforsendum þess að hægt sé að nýta tapgleypni frestaðra skatta sem frádráttarlið frá gjaldþolskröfu er að váttryggingafélag geti sýnt með áreiðanlegum hætti fram á að það geti skilað skattskyldum hagnaði á næstu árum eftir að hafa orðið fyrir áfalli, sbr. 1. og 2. mgr. 207. gr. Solvency II reglugerðarinnar.

Útreikningur á tapgleypni frestaðra skatta miðast við skattalöggjöf í hverju ríki fyrir sig og þurfa forsendur að vera í samræmi við reikningsskilastaðla og þá sérstaklega IAS 12. Í þessu felst m.a. að líkur þurfa að vera meiri en minni á að félagið geti notað tapið í framtíðinni á móti hagnaði.

Fjallað er nánar um útreikning á tapgleypni frestaðra skatta í 9. þætti V. kafla I. bóls (205. – 207. gr.) Solvency II reglugerðarinnar og viðmiðunarreglum EIOPA um tapgleypni váttryggingaskuldar og frestaðra skatta (e. Guidelines on loss-absorbing capacity of technical provisions and deferred taxes).

Spurning 2:

Til hvaða þátta ber að líta við ákvörðun tapgleypni frestaðra skatta út frá framtíðarhagnaði?

Svar 2:

Í þeim tilvikum þegar váttryggingafélag byggir nýtingu á aðlögun vegna tapgleypni frestaðra skatta á framtíðarhagnaði þurfa spár að vera raunhæfar og ekki fela í sér óhóflega bjartsýni. Eðli málsins samkvæmt eru spár um framtíðarhagnað bundnar óvissu. Váttryggingafélög ættu í spám um framtíðarhagnað að taka mið af aukinni óvissu eftir því sem lengra er spáð fram í tímann.

Að meginstefnu til ættu forsendur spár um framtíðarhagnað að vera í samræmi við 3. mgr. 15. gr. Solvency II reglugerðarinnar og viðmiðunarreglu 9 í viðmiðunarreglum um mat á eignum og skuldbindingum, öðrum en váttryggingaskuld (e. Guidelines on recognition and valuation of assets and liabilities other than technical provisions). Í þessu felst að líkur þurfa að vera taldar á því að hægt sé að nýta yfirfæranlegt tap komi til áfalls. Áhrifa SCR áfalls gætir strax á Solvency II efnahagsreikning en skattaleg áhrif koma fram síðar. Af þessum sökum þarf váttryggingafélag að taka mið af hvenær og að hvaða leyti hægt er að nýta yfirfæranlegt skattalegt tap í rökstuðningi fyrir notkun á framtíðarhagnaði í útreikningi á frestuðum skatti.

Forsendur þurfa að endurspeglar breytta sviðsmynd í kjölfar áfalls. Taka þarf mið af breyttri fjárhagsstöðu sem og breyttri getu váttryggingafélags til þess að skila hagnaði. Ekki er fullnægjandi að horfa til óbreyttra rekstraráætlana í rökstuðningi fyrir framtíðarhagnaði. Ólíklegt er að fyrirliggjandi áætlun raungerist verði váttryggingafélag fyrir áfalli af þeirri stærðargráðu sem um ræðir. Spár um framtíðarhagnað

ættu að byggja á samsetningu efnahagsreiknings eftir áfall og mótvægisáðgerðum til að styrkja gjaldþolsstöðu félagsins. Ef áætlanir um endurreisn fjárhags gera til að mynda ráð fyrir stjórnendaaðgerðum til að draga úr áhættu er viðbúið að slíkar aðgerðir hafi áhrif á tekjuforsendur.

Væntingar um framtíðarhagnað umfram rekstrarafkomu fyrri ára þarf að rökstyðja sérstaklega. Til að taka mið af óvissu í spám um ávöxtun fjáreigna ætti að miða við áhættulausan vaxtaferil. Fjármálaeftirlitið álitur að váttryggingafélag þurfi að rökstyðja sérstaklega ávöxtun fjáreigna umfram áhættulausan vaxtaferil EIOPA.

Spurning 3:

Hvaða kröfur eru gerðar til skjölunar útreikninga váttryggingafélaga á aðlögun vegna tapgleypni frestaðra skatta?

Svar 3:

Fjármálaeftirlitið áréttar mikilvægi þess að forsendur útreikninga á tapgleypni frestaðra skatta séu skjalfestar og rökstuddar þannig að hægt sé að leggja mat á þær ályktanir og aðferðir sem liggja til grundvallar fjárhæð tapgleypni frestaðra skatta. Við skjölun útreikninga er æskilegt að höfð sé hliðsjón af þeim almennu kröfum sem gerðar eru í viðmiðunarreglum EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga (e. Guidelines on system of governance).

Þá er í öðru setti tillagna EIOPA settar fram tillögur að reglubreytingum sem miða að því að formfesta framkvæmd útreikninga váttryggingafélaga á frestuðum sköttum auk þess sem kveðið er á um hlutverk lykilstarfssviða í mati á undirliggjandi forsendum þeirra. Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að váttryggingafélag hafi hliðsjón af tillögum EIOPA í tengslum við skjölun útreikninga.

Gagnaskil

Spurning 1:

Þurfa íslensk váttryggingafélög að skila skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglulegum eftirlitsskýrslum fyrir bæði samstæður og einstök félög eða telur Fjármálaeftirlitið sig geta heimilað félögunum að skila eingöngu samstæðuskýrslum í samræmi við meðalhóf og núverandi rekstur íslenskra váttryggingafélaga?

Svar 1:

Í 2. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður er kveðið á um að hluteignarfélag, eignarhaldsfélag á váttryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í váttryggingasamstæðu geti í samráði við Fjármálaeftirlitið birt skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu fyrir alla samstæðuna, að því gefnu að gerð séu fullnægjandi skil á atriðum er varða einstök félög samstæðunnar, sbr. lokamálslið framangreindrar málgreinar og 3. og 4. mgr. sömu greinar.

Spurning 2:

Þarf að sundurliða eignir á bak við söfnunarlíftryggingu þar sem söfnunin er algerlega á ábyrgð váttryggingataka og viðkomandi váttryggingafélag er undanskilið allri ábyrgð og skuldbindingu varðandi hana?

Svar 2:

Já, það þarf að sundurliða eignir á bak við söfnunarlíftryggingu. Bæði í efnahagsreikningi (eyðublað S.02) og í lista yfir eignir (eyðublað S.06.02) þarf að taka fram hvort eignin sé vegna söfnunarlíftryggingar í dálki C0090. Eyðublöðin sem vísað er til eru hluti af framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til eftirlitsyfirvalda samkvæmt Solvency II.

Spurning 3:

Hvernig á auðkenning óskráðra eigna og innstæðna/lausafé í bönkum að vera; má notast við Undertaking-specific (t.d. kennitölu) eða má þetta standa autt?

Svar 3:

Ef fyrstu tvö skilyrðin, þ.e. að til sé ISO 6166 kóði eða annar viðurkenndur kóði, eru ekki uppfyllt á að nota það þriðja, það er að félagið skilgreini eignina t.d. með kennitölu. Sjá nánar í leiðbeiningum fyrir dálk C0040 í eyðublaði S.06.02 í Annex II í framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450, en eyðublöðin sem vísað er til eru hluti af Annex II.

Spurning 4:

Hvernig á að fara með liðinn „Issuer Group“ ef engin móðurfélagsábyrgð er á viðkomandi eign? Má liðurinn vera auður ef ekki er um neina samstæðu að ræða eða þarf að setja inn það sama og í „Issuer name“?

Svar 4:

Í „Issuer Group“ er verið að óska eftir nafni móðurfélags ef eign er útgefin af dótturfélagi. Ef eign er gefin út af móðurfélagi skal nota nafn þess. Tilgangur þessa er að auðvelda eftirlitsstjórnvöldum að safna saman gögnum um áhættu vegna tilteknar samstæðu, undir hatti móðurfélags. Eyðublöðin sem þessi spurning varðar eru hluti af framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450.

Spurning 5:

Á að færa verðbætur undir „Accrued Interest“ þar sem liðurinn kemur fyrir í eyðublöðum framkvæmdarreglugerðar ESB 2015/2450?

Svar 5:

Já, færa skal verðbætur undir „Accrued Interest“.

Spurning 6:

Hvernig á að horfa á dótturfélag sem stundar eingöngu fjárfestingar í Solvency II gagnaskilum móðurfélags? Á að beita s.k. gegnsæisaðferð (e. look-through approach) vegna eigna og skulda dótturfélagsins?

Svar 6:

Horfa skal í gegnum (e. look-through) dótturfélagið sem lýst er í spurningunni í gagnaskilum móðurfélagsins. Tilgangurinn með því er m.a. sá, að tryggja að gjaldþolskrafan sé reiknuð út frá raunverulegri áhættu sem stafar af beinum og óbeinum áhættuskuldbindingum.

Um þetta efni er m.a. fjallað í Viðmiðunarreglum EIOPA *Guidelines on look-through approach* og 84. gr. Solvency II reglugerðarinnar.

Framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450: Gagnaskilataeknistadlar

Eftirfarandi spurningar varða eyðublöð sem er að finna í framkvæmdarreglugerð ESB 2015/2450 og eru spurningar færðar undir númer viðkomandi eyðublaðs.

S.02.01 — Balance sheet

Spurning 1:

Á að færa eignarhlut í dótturfélögum með hlutdeildaraðferð eða á kostnaðarverði?

Svar 1:

Skv. 13. gr. Solvency II reglugerðarinnar skal verðlagning á eignum í tengdum félögum vera í samræmi við stigaskiptingu mats skv. 10. gr. reglugerðarinnar. Almenna reglan er sú að nota skal skráð markaðsverð á virkum mörkuðum. Ef ekki er mögulegt að nota skráð markaðsverð skal nota leiðréttá hlutdeildaraðferð skv. b-lið 1. mgr. 13. gr. Í þessu felst að eignarhlutur í tengdum félögum er verðlagður á grundvelli hlutdeildar í eignunum sem eru umfram skuldir í tengda félaginu. Þegar eignirnar sem eru umfram skuldir eru reiknaðar út fyrir tengd félög skal verðleggja einstakar eignir og skuldir félagsins í samræmi við 74. gr. vtsl. sbr. 3 og 4 tl. 13. gr.

Nánari leiðbeiningar um verðmatsaðferðir er að finna í viðmiðunarreglum EIOPA um verðmat á eignum og skuldbindingum öðrum en váttryggingaskuld, *Guidelines on recognition and valuation of assets and liabilities other than technical provisions*.

S.03.01 – Off-balance sheet – items – General

Spurning 1:

Er skilgreining Solvency II sú sama og skilgreining IFRS á óvissum skuldbindingum (e. contingent liability)?

Svar 1:

Skv. 11 gr. Solvency II reglugerðarinnar þurfa váttryggingafélög að bera kennsl á óvissar skuldbindingar sem teljast verulegar (e. material). Óvissar skuldbindingar teljast vera verulegar ef upplýsingar um núverandi eða mögulega stærð þeirra gætu haft áhrif á ákvörðunartöku eða mat (e. judgement) notenda upplýsinganna, þ.m.t. eftirlitsstjórnvalda. Samkvæmt fyrirliggjandi leiðbeiningum í gagnaskilataekni-staðlinum þarf ekki að vera líklegt að skuldbinding raungerist og leiði þ.a.l. til útflæðis fjármuna. Samkvæmt reikningskilastaðli IAS 37 þarf á hinn bóginn að vera líklegt að óviss skuldbinding raungerist til að hennar sé getið í skýringum. Í eyðublaði S.03.01 þarf m.a. að gera grein fyrir óvissum skuldbindingum skv. skilgreiningu Solvency II. Í gagnaskilataekni-staðlinum er að finna nánari upplýsingar um óvissar skuldbindingar skv. Solvency II.

S.05.01.01 – Premiums, claims and expenses by line of business

Spurning 1:

Í eyðublaði 05.01.01 á m.a. að sundurliða kostnað niður á váttryggingagreinar. Ber að flytja allan fjárfestingarkostnað á váttryggingagreinar eða einungis þann fjárfestingarkostnað sem fluttur er á váttryggingagreinar sem fjárfestingarkostnað skv. ársreikningi?

Svar 1:

Samkvæmt fyrirbyggjandi leiðbeiningum í gagnaskilataeknistaðlinum á að færa inn í töfluna fjárhæðir í samræmi við þá reikningsskilaaðferð sem beitt er við gerð ársreiknings (IFRS í tilvikum íslenskra váttryggingafélaga), nema að því leyti að nota á greinaskiptingu váttrygginga skv. reglum Solvency II. Ennfremur kemur fram að undir annan kostnað (e. other expenses) eigi að færa annan kostnað sem ekki er skipt niður á váttryggingagreinar. Verður því ekki annað ráðið en að undir fjárfestingarkostnað (e. investment management expenses) eigi aðeins að færa þann hluta sem færður er á váttryggingagreinar skv. reikningsskilum. Tekið skal fram að taflan miðast við uppsafnaða stöðu frá áramótum (e. year to date basis).